



DET KONGELIGE
KUNNSKAPSDEPARTEMENT

Þekkingarmálaráðherrann

Norðurlandaráð
Flokkahópur jafnaðarmanna

Tilvísun ykkar

Tilvísun okkar

Dagsetning

17/58-

05.05.2017

Svar við skriflegri fyrirspurn E 10/2017 frá Norðurlandaráði um ekkert umburðarlyndi gagnvart kynþáttafordómum og hatursorðræðu í leikskólum og skólum

Málefnið sem flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði vekur máls á í þessari skriflegu fyrirspurn er mikilvægt á öllum Norðurlöndunum og einnig málefni sem Norræna ráðherranefndin leggur mjög mikla áherslu á. Norðurlöndin og Færeyjar, Grænland og Álandseyjar vinna, bæði hvert í sínu lagi og í sameiningu, að því að efla forvarnarstarf sitt. Þessu vinna þau meðal annars að með áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um Lýðræði, aðlögun og öryggi (DIS).

Málefnið var einnig rætt á norræna ráðherrafundinum í Norrænu ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) 4. maí. Þar var þemaumræða með yfirskriftinni *Uppeldishlutverk menntunar á tímum andstæðna og öfgahyggju. Hvernig stuðla leikskólar og skólar að samfélagi með þátttöku allra? Hvaða hlutverki gegna gagnrýnin hugsun og ígrundun í skólum?*

Með áætluninni um Lýðræði, aðlögun og öryggi (DIS) hefur Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) komið á fót norrænu tengslaneti sem á að vinna fyrirbyggjandi með lýðræði, aðlögun og öryggi í leikskólum og skólum. Sem hluti af þessu tengslaneti mun fara fram á árinu 2017 norræn tilraun með námsefni sem var þróað af Evrópuráðinu með stuðningi frá ESB – *Teaching Controversial Issues* sem er ætlað kennurum og *Managing Controversy* sem er ætlað skólastjórnendum. Tilgangurinn með tilrauninni er að veita kennurum og skólastjórnendum aukna færni og bein verkfæri til að virkja ungt fólk í samræðu og umræðum um umdeild og erfið málefni.

Mörg lönd hafa nýlega gert eða eru að gera breytingar á stefnumótandi skjölum sínum varðandi bæði leikskóla og skóla. Til dæmis þarf að útbúa nýja aðalnámskrá fyrir leikskóla í Noregi á árinu 2017. Nýja aðalnámskráin felur leikskólum enn skýrari skuldbindingar varðandi forvarnir gegn kynþáttahatri og hatursorðræðu. Í nýjum frumdrögum að aðalnámskrá fyrir grunnskóla í Noregi, sem nú eru til umsagnar, er lögð áhersla á að skólinn eigi að veita nemendum sögulega og menningarlega innsýn og tengingu og stuðla að því að sérhver nemandi geti varðveitt og þróað sjálfsmýnd sína í fjölbreyttum félagsskap fyrir alla. Skólinn á að miðla þekkingu og viðhorfum sem stuðla að jafnræði og jafnrétti. Lögð er áhersla á að hver nemandi fyrir sig eigi kröfu á að vera metinn og meðhöndlaður á jafnræðisgrunni á grundvelli forsendna og þarfa hvers og eins, án þess að verða fyrir mismunun. Hin skýra áhersla skólanna á margbreytileika mun til lengri tíma litið geta stuðlað að því að draga úr kynþáttahatri, skorti á umburðarlyndi og hatursorðræðu. Í kjölfar innleiðingar nýrrar aðalnámskrár er stefnt að innleiðingu þriggja þverfaglegra námsgreina í skólum: *Lýðræði og borgararéttindi, Sjálfbær þróun og Lýðheilsa og lífsleikni*.

Fjögur Norðurlandanna hafa tiltölulega nýlega (2014-2017) mótað aðgerðaáætlanir gegn ofbeldisfullri öfgahyggju, hatursorðræðu, kynþáttahatri og/eða skyldum málefnum. Áætlanir, aðgerðir og þátttakendur koma fram í meðfylgjandi yfirliti sem er unnið af verkefninu um Lýðræði, aðlögun og öryggi (DIS). Stefna Norðurlandanna hefur í miklum mæli beinst að almennum og alhliða fyrirbyggjandi aðgerðum að góðu náms- og uppeldisumhverfi, fremur en að hrinda í framkvæmd séraðgerðum sem beinast að einstökum hópum.

Dagana 2. og 3. maí héldu Norræna ráðherranefndin og formennskuáætlun Noregs norræna ráðstefnu um leikskóla og grunnskóla sem miðstöðvar lýðræðislegra réttinda og þátttöku allra. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að varpa ljósi á hvernig leikskólar og grunnskólar efla tilfinningu tengsla og þátttöku, draga úr algengi hatursorðræðu og hvernig megi á þennan hátt draga úr hættunni á að lenda utanveltu og vera útskúfaður og í besta falli draga úr tilhneigingu til róttækni og ofbeldisfullrar öfgahyggju. Ráðstefnan var ætluð fólki sem sér um stefnumótun, rannsóknir og hagnýtt starf á landsvísu, svæðisbundið og í sveitarfélögunum á Norðurlöndunum.

Sameiginlegt norrænt átak gegn hatursorðræðu

Norrænu jafnréttisráðherrarnir (MR-JÄM) samþykktu árið 2015 samstarfsáætlun fyrir árin 2015-2018, *Saman í þágu jafnréttis – öflugri Norðurlönd*, þar sem eitt af áherslumálunum er jafnrétti kynjanna í opinberu rými, þar sem starf gegn kynbundinni hatursorðræðu var sett í forgang. Tilgangur vinnunnar, sem hófst í formennskutíð Dana árið 2015, er að fyrirbyggja og sporna gegn hatursorðræðu og afleiðingum hennar í opinberri umræðu og á opinberum vettvangi. Það er yfirlýst stefna að konur og karlar, stúlkur og strákar á Norðurlöndum skuli hafa sömu tækifæri og sama aðgang að fjölmiðlum og geta tekið þátt í opinberri umræðu á jafnréttisgrundvelli.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að karlar verða fremur fyrir hatri og hótunum en konur þegar þeir taka þátt í opinberri umræðu á samfélagsmiðlum. Um leið er því þannig háttáð að

hatursorðræða gegn konum er fremur kynbundið hatur sem beinist gegn kyni, kynhneigð og útliti.

Þó að gott starf sé unnið á mörgum fagsviðum í öllum löndunum er þörf meiri þekkingar og góðra upplýsinga. Norrænu jafnréttisráðherrarnir hafa því kosið að setja í forgang vinnu gegn kynbundinni hatursorðræðu með því að hrinda af stökkunum eftirfarandi aðgerðum:

- *Sameiginleg norræn úttekt*

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM) hefur falið NIKK (Norrænum upplýsingum um kynjafræði) að gera sameiginlega úttekt fyrir öll Norðurlöndin sem ljúki vorið 2017. Úttekt NIKK á að gera grein fyrir umfangi og lagalegum þáttum málsins sem og að koma með tillögur að lagalegum og pólitískum aðgerðum og úrræðum. Úttektin verður kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu um hatursorðræðu í júní 2017.

- *Upplýsingapakki sem er ætlaður börnum og ungmennum á aldrinum 13-18 ára.*

Norrænu úttektinni verður fylgt eftir með gerð upplýsingapakka á fimm Norðurlandamálum. Markhópurinn er börn og ungmenni á aldrinum 13-18 ára. Norræna barna- og ungmennanefndin mun taka þátt í vinnunni.

- *Alþjóðleg ráðstefna um hatursorðræðu 21. júní 2017 í Stafangri*

21. júní heldur Noregur í formennskuáætlun sinni ráðstefnu um hatursorðræðu. Bæði norrænir og alþjóðlegir sérfræðingar, fræðimenn, borgaralegt samfélag, fjölmiðlar og stjórnvöld munu taka þátt til að miðla þekkingu um málefnið og reynslu af starfi gegn hatursorðræðu. Sérstök áhersla verður lögð á kynbundna hatursorðræðu og sjónarhorn ungmenna. Úttektin frá NIKK og upplýsingaefnið fyrir ungmenni verður birt á ráðstefnunni.

Með bestu kveðju

Torbjørn Røe Isaksen

Fylgiskjöl: Yfirlit um norræna þátttakendur og aðgerðir í starfi að lýðræði, aðlögun og öryggi